

# Lög

## um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

### 1. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Eftirtalin skjöl eru stimpilfrjáls:

- Húsbref og húsnæðisbref.
- Skuldabref og víxlar sem gefin eru út af ríkissjóði, enda séu bréfin skráð á skipulögðum markaði.
- Skuldabref og tryggingarbref sem gefin eru út til Lánasjóðs íslenskra námsmanna samkvæmt lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.
- Skuldabref sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarláns samkvæmt lögum um húsnæðismál. Sama gildir um skuldabref sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna lána til byggingar eða kaupa leiguhúsnæðis, sbr. VIII. kafla laga um húsnæðismál.
- Heimildarbref fyrir íbúð þegar viðbótarlán úr Íbúðalánasjóði, sbr. 4. tölul., er veitt til kaupa á henni.
- Húsaleigusamningar.
- Skjöl sem leggja höft eða bönd á kaupskip eða loftfar við skráningu, umskráningu eða afskráningu þess hérlendis, enda sé skráningin tímabundin og skipið eða loftfarið í eigu aðila sem ekki er heimilisfastur hér á landi.
- Afsalsbref og skjöl sem leggja höft eða bönd á kaupskip sem einkum eru ætluð til farmflutninga og rekin af skipafélögum sem stunda siglingar innan lands, að og frá landinu eða milli hafna erlendis. Skilyrði stimpilfrelsisins er að skjalið sé gefið út vegna afhendingar á skipinu úr landi eða afhendingar á skipinu til landsins.
- Skjöl sem leggja höft eða bönd á loftfar, enda hafi eigandi loftfarsins flugrekstrarleyfi og loftfarið sé ætlað til nota í reglubundið áætlunarflug eða leiguflug innan lands eða milli landa. Skilyrði stimpilfrelsisins er að skjalið sé annaðhvort gefið út vegna sölu loftfarsins úr landi eða vegna kaupa á því.
- Samningar landbúnaðarráðherra við bændur um kaup á greiðslumarki, um töku jarða til nytjaskógræktar eða um niðurskurð sauðfjár sem þinglýst er sem kvöðum á viðkomandi jarðir.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Frá sama tíma falla úr gildi 17. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, og 46. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

*Samþykkt á Alþingi 19. desember 1998.*